

Kostir og gallar samfélagsmiðla

Þetta er verkefni þar sem þátttakendur ræða um kosti og galla samfélagsmiðla.

Þema	Miðlalæsi: kostir og gallar samfélagsmiðla
Aldur	12-16 ára
Stærð hóps	Nemendahópi skipt í minni hópa, 4 saman.
Tími	40 mínútur.
Markmið	<ul style="list-style-type: none"> • Að meta kosti og galla samfélagsmiðla. • Átti sig á hvernig er best að nota samfélagsmiðla. • Að þau sjái að þau eru ekki ein með þessar áskorarnir sem samfélagsmiðlar eru.
Undirbúningur	<ul style="list-style-type: none"> • Raða húsgögnum í stofunni svo hver hópur hafi svæði til að vinna. • Vera með A3 karton, liti og önnur gögn til að útbúa veggspjald.

Kennsluleiðbeiningar

1. Ræðið við nemendahópinn – hvað finnst þeim um samfélagsmiðla? Eru þau á samfélagsmiðlum? Hvað vita þau um samfélagsmiðla?
2. Nemendum er skipt í hópa og þeir beðnir um að skrá niður kosti og galla samfélagsmiðla.
3. Ef nemendur eiga erfitt með að byrja verkefnið er hægt að sína eftirfarandi myndband um reynsluheim unglunga á samfélagsmiðlum. Myndbandið er hægt að nálgast hér: <https://www.commonsemmedia.org/videos/social-media-social-life-teens-reveal-their-experiences>
4. Hver hópur kynnir sínar niðurstöður. Í lokin fara svo fram sameiginlegar umræður. Hægt er að skrifa upp á töflu hvað hópanir hafa skrifað niður eða láta nemendur skrifa atriðin á post-it miða og líma þá í viðeigandi flokk upp á töflu. Einnig ef hægt að láta nemendur búa til A3 plaggat þar sem þau telja upp kosti og galla samfélagsmiðla ef tími leyfir.

Samantekt

Notaðu eftirfarandi spurningar til að gera samantekt á verkefninu.

- Lærðu þið eitthvað nýtt um samfélagsmiðla?
- Eru þið hissa á einhverju sem kom hér fram?

Ábendingar fyrir leiðbeinendur

- Vertu vakandi fyrir því að einstaklingar gætu hafa orðið fyrir áreiti á netinu og gerandi gæti jafnvel verið í hópnum. Gæta þarf þess að ýta ekki of mikið á þátttakendur ef þeir vilja ekki svara.
- Ef það eru einstaklingar í hópnum sem hafa orðið fyrir slæmri reynslu á samfélagsmiðlum getur farið svo að verkefnið fái þá til að átta sig á að þeir þurfi stuðning. Í upphafi verkefnis er gott að nefna það að þú getir veitt slíkan stuðning eða komið málinu í réttan farveg.

Hér fyrir neðan er dæmi um niðurstöður úr slíku verkefni í grunnskóla á Ísafirði:

Nemendur telja eftirfarandi þætti gagnlega þegar kemur að samfélagsmiðlum. Að geta:

deilt lífinu með vinum og kunningjum
fylgst með fólki
varið tíma
horft á hluti
Birt myndir
skoðað gamlar myndir sem búið var að gleyma
talað við aðra
átt hröð samskipti
hringt í fólk
horft á myndbönd
fengið hugmyndir frá öðrum
deilt fréttum
fengið fréttir af öðru fólki

Þeir telja jafnframt að það sem þurfi að varast á samfélagsmiðlum sé:

að fólk steli myndum
perra
hakkara
eltihrella
að deila ekki of miklu
að senda nektarmyndir
að það er hægt að fylgjast með þér
neteinelti er auðvelt
að allir geta séð myndirnar þínar
hver sem er getur reynt að tala við þig
að það sem þú setur á netið verður alltaf þar
að samfélagsmiðlar eru ávanabindandi
leiðinleg skilaboð
að aðrir deila stundum einhverju sem þér finnst vera
þitt einkamál
að samþykka fólk sem þú þekkir ekki
nafnlausar spurningar
fólk sem þykist vera einhver annar
hatursummæli
óþægilegar myndir